

Fundargerð 98. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 24. ágúst 2015, kl. 13:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,
Fjóla Hrund Björnsdóttir,
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *HV – Afsöl og samkomulag við Íbúðalánasjóð*

Framkvæmdastjóri fór yfir samkomulag milli Íbúðalánasjóðs (ÍLS) og ÞK um skilyrta afléttingu veðsetningar forgangshlutafjár ÞK í Háskólagörðum ehf.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að ljúka gerð samkomulagsins við ÍLS á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir og umræðu sem skapaðist um það, með þeim breytingum sem ræddar voru og í framhaldi gefa út afsöl fyrir viðkomandi eignum.

3. *Sala eigna*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð sem borist hafa í eignir félagsins.

Heilsuhótel Íslands hefur skilað inn tilboði í Lindarbraut 634. Stjórn samþykkti sölu á eigninni.

Ragnar Þórðarson hefur skilað inn tilboði í Lindarbraut 635. Stjórn samþykkti sölu á eigninni.

Viðræður hafa staðið yfir við Verne Real Estate um kaup á fasteigninni að

Valhallarbraut 873a. Samhliða hefur verið gerður lóðaleigusamningur um viðbótarlóð


að Valhallarbraut 873 ásamt forkaups- og forleigurétti að fasteignunum að

Valhallarbraut 891 og Suðurbraut 890. Stjórn samþykkti sölu á eigninni.

4. *HV2- leigusamningur við Langbest*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn leigusamning sem gerður var við Langbest að

Keilisbraut 771. Leigusamningurinn er til 7 ára.



5. *HV2 og HGskil – endurbætur eigna*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um þá eftirspurn sem myndast hefur eftir leiguíbúðum á Ásbrú. Lagði hann til að taka í notkun íbúðir að Keilisbraut 745, Skógarbraut 925 og Skógarbraut 921, samtals 40 íbúðir. Áætlaður kostnaður við framkvæmdir til að koma þeim í not eru um 91 milljón kr. og lagði framkvæmdastjóri til að framkvæmdirnar yrðu fjármagnaðar af Kadeco. Aflað verður tilboða í verkið. Stjórn samþykkti tillöguna.

6. *Vatnsgjöld*

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar mál vegna vatnsgjalda HS veitna. Kadeco hefur sent HS veitum tillögu til úrlausnar og beðið er eftir svari HS veitna.

7. *Beiðni Keilis um veðsetningu*

Framkvæmdastjóri kynnti óformlegar hugmyndir Keilis fyrir stjórn vegna nýrrar veðsetningar. Stjórn lagði til að Keilir sendi stjórn Kadeco formlegt erindi um málið.

8. *Aerotropolis*

Framkvæmdastjóri sagði frá ráðstefnu sem íslenski sjávarklasinn stendur fyrir þann 30.september nk. Þar mun hr. John D. Kasarda fjalla um Aerotropolis og „logistics“ og mun hann einnig halda vinnustofu með Kadeco og Isavia. Framkvæmdastjóri lagði til að Kadeco fjármagnaði hluta af kostnaði við þessa ráðstefnu. Stjórn samþykkti það.

9. *Önnur mál.*

Engin mál voru rædd undir önnur mál.

Næsti fundur áætlaður þann 10.september nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10



Hjörtur Björnsson

